



Alþingi  
félagsmálanefnd  
v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 9. desember 2002  
Tilvísun: 2000100095 / 12-401

### **Efni: FSA - hlutdeild í stofnkostnaði**

Mér hefur borist í hendur „Samkomulag um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga" sem undirritað var af fulltrúum íslenska ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga í Reykjavík þann 4. desember 2002.

Í 3. tölulið þessa samkomulags er fjallað um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þar sem kveðið er á um að ríki yfirtaki 15% hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiriháttar viðhaldi og tækjakaupum skilgreindra heilbrigðisstofnana. Ég vil af þessu tilefni lýsa yfir sérstakri ánægju með að hrein verkaskipti skuli fengin í þessum málaflokki en geri engu að síður eftirfarandi athugasemdir við það samkomulag sem hér liggur fyrir:

Vísað er til samkomulags ríkis og Reykjavíkurborgar frá 17. desember 1998 þar sem borgarsjóður Reykjavíkur var leystur undan ofangreindri greiðsluskyldu skv. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 og fékk að auki endurgreidd framlög árána 1995-1998, vegna Landakots.

Undirritaður telur samning ríkisins og Reykjavíkurborgar tvímælalaust hafa fordæmisgildi, að því er varðar túlkun og framkvæmd laga nr. 97/1990. Allt frá árinu 1999 hefur Akureyrarbær gert þá kröfu til ríkisins að sambærilegur samningur verði gerður vegna Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, en ríkið hefur ekki orðið við málaleitan bæjarins. Málalíbúnaður Akureyrarbæjar hefur m.a. byggt á því að bæjarsjóður Akureyrar hafi verið beittur rangindum af hálfu ríkisins í þessu máli og málsmeðferð ríkisins fái ekki staðist jafnræðisreglu stjórnsýslu- og stjórnskipunarréttar.

Af samningi ríkisins og Reykjavíkurborgar má draga þá ályktun, að ríkið telji sér heimilt að leysa sveitarfélög undan greiðsluskyldu skv. 34. gr. laga nr. 97/1990, sé eftir því leitað. Jafnframt geti sveitarfélög krafist endurgreiðslu lögbundinna fjárframlaga allt að fjögur ár aftur í tímann, þegar samningur um yfirtöku ríkisins á rekstri sjúkrahúsabygginga er gerður.

Fyrirliggjandi samkomulag ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 4. desember 2002 gerir í engu ráð fyrir því að bæjarsjóði Akureyrar verði bætt sú mismunun sem hann hefur sætt frá árinu 1999 varðandi framlög til FSA. Því er mótmælt harðlega og óskað úrbóta. Ennfremur er mótmælt þeim ákvæðum í tilvitnuðum 3. tölulið samkomulagsins frá 4. desember 2002 er varða ákvæði sem lúta að meðferð á eign bæjarsjóð Akureyrar í FSA, en

Þessi málsmeðferð þverbrytur stjórnarskrárbundinn eigna- og sjálfstjórnarrétt sveitarfélagsins sbr. 72. og 78. gr. Stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Akureyrarbær telur sig ekki geta verið bundinn af þeirri gerræðislegu ákvörðun um meðferð á eignarhlut bæjarins í FSA svo sem 3. töluliður samkomulagsins kveður á um. Enda getur 101. gr. laga nr. 45/1998 um verklag við breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga ekki gengið framur 2. mgr. 2. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem kveðið er á um að engu málefni sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélagsins skuli ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnar.

Óskað er svara sem fyrst við framangreindum athugasemdum.

Virðingarfyllst

  
Kristján Þor Júlíusson, bærarstjóri



Samrit:

Samband íslenskra sveitarfélaga, Háaleitisbraut 11-13, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík  
Félagsmálaráðuneytið, Páll Pétursson félagsmálaráðherra, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu, 150 Reykjavík  
Fjármálaráðuneytið, Geir H. Haarde fjármálaráðherra, Arnarhvoli, 150 Reykjavík



Alþingi  
Erindi nr. P 128/622  
komudagur 10.12.2002

## Umsögn

### Sambands íslenskra sveitarfélaga

um skýrslu nefndar sem hefur endurskoðað laga- og reglugerðarákvæði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga er samþykkt breytingartillögum endurskoðunarnefndarinnar og leggur til að þær komi sem fyrst til framkvæmda.

Jafnframt leggur stjórnin áherslu á að allar reglur um starfsemi jöfnunarsjóðsins verði stöðugt til endurskoðunar með það að markmiði að greiðslur úr honum á hverjum tíma dragi úr aðstöðumun sveitarfélaga í tekjuöflun og taki mið af því á hvern hátt þau sinni þjónustuhlutverki sínu við íbúana og lögboðnum verkefnum.

Lagt er til að ráðgjafarnefndin móti sem fyrst tillögur að breyttum reglum jöfnunarsjóðs þannig að þær hvetji enn frekar til sameiningar sveitarfélaga. Við þá tillögugerð þarf jafnframt að móta nýjar reglur sem stuðla að mun víðtækari sameiningu sveitarfélaga en verið hefur til þessa.

Sérstaklega þarf að skoða hvort unnt er enn frekar en nú að koma í veg fyrir að sveitarfélög tapi tekjum vegna sameiningar sveitarfélaga, t.d. með heimild til að sameinuð sveitarfélög haldi óskertum framlögum úr sjóðnum í 12 ár í stað fjögurra ára, eða að tekjutapið verði bætt varanlega með öðrum hætti.

Framangreind umsögn var samþykkt en einn stjórnarmaður Kristján Þór Júlíusson sat hjá við afgreiðslu málsins og lét bóka eftirfarandi:

„Ég tel þær tillögur sem hér liggja fyrir ganga alltof skammt og álít nauðsynlegt að gera sem fyrst róttækar breytingar þannig að jöfnunarsjóðurinn og fyrirkomulag jöfnunarkerfisins verði endurskoðað með það að markmiði að meiri jöfnuður náist milli sveitarfélaga en í núverandi kerfi“

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 12. apríl 2002.

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri